

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1556
komudagur 25. 3. 2004

Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 25. mars 2004

Athugasemdir Lögmannafélags Íslands við frumvarp til breytinga á lögum um lögmennt.

Hjálagt sendist umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til breytinga á lögmannalögum, nr. 77/1998, sem stjórn félagsins gerir að sinni. Þá sendast enn fremur athugasemdir nokkurra lögmannanna við um sögnina, en félagsmönnum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögnina.

Lögmannafélags Íslands vill láta þess getið að samkvæmt ákvörðun félagsfundarvar skipuð nefnd 9 lögmannanna, sem hefur það verkefni að vinna að fara heildstætt yfir lögmannalögin. Nefndin mun ljúka störfum fyrir aðalfund ársins 2005 og niðurstöðu hennar verður komið á framfæri við dómsmálaráðherra.

F.h. Lögmannafélags Íslands

Ingimar Ingason, framkv.stj.

Athugasemdir Lögmannafélags Íslands við frumvarp til breytinga á lögum um lögmennt nr. 77 15. júní 1998, með síðari breytingum - 130. löggjafarþing 2003 - 2004. Þskj. 671 - 463. mál.

Í september sl. fengu nefndarmenn laganeftdar félagsins send drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lögmennt nr. 77 15. júní 1998, dagsett 29. ágúst 2003. Laganeftnd fór yfir frumvarpsdrögin og sendi stjórn LMFÍ athugasemdir sínar og tillögur um breytingar með bréfi 12. september sl.

Áður hafði laganeftnd veitt allsherjarnefnd Alþingis umsögn sína um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögmennt nr. 77/1998, 128. löggjafarþing 2002-2003, þskj. 975 – 612. mál, með bréfi dagsettu 8. maí 2003 til nefndarsviðs Alþingis, sem ekki varð útrætt á þingi. Efni þess frumvarps er tekið upp í frumvarpsdrögin sem kynnt voru á sl. hausti og getið er að framan, en þau drög voru sama efni og frumvarpsdrög sem framkvæmdastjóri LMFÍ sendi laganeftndarmönnum í tölvupósti þann 1. október 2002. Eru þessi eldri drög dagsett 30. september 2002. Með tölvupósti 19. september 2002 var kynnt sú ákvörðun stjórnar LMFÍ að mynda vinnuhóp með þátttöku stjórnarmanna, varastjórnarmanna og laganeftndarmanna til að fara yfir þau frumvarpsdrög. Starfi þess vinnuhóps lauk ekki, m.a. vegna þess að frumvarpið í þeirri mynd sem þá var kynnt var ekki lagt fram.

Þann 12. desember sl. lagði dómismálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögmennt nr. 77/1998, þskj. 671 – 463. mál, 130. löggjafarþing 2003-2004.

Umrætt frumvarp dómismálaráðherra var kynnt fyrir félagsmönnum í Lögmannafélagi Íslands á félagsfundi 22. janúar sl. Á fundinum var samþykkt tillaga tveggja félagsmanna, þar sem skorað var á stjórn félagsins að óska eftir því við dómismálaráðherra, að hann beitti sér fyrir því að frumvarpinu yrði breytt í meðförum þingsins, þannig að: **“niður verði felldar allar greinar frumvarpsins aðrar en þær sem n ú v erða taldar: 1. gr., 2. gr., 3. gr., 1., 3. og 4. mgr. 4. gr. svo og 15. til 17. gr. og 19. til 20. gr.”** Stjórn félagsins kynnti dómismálaráðherra niðurstöðu félagsfundarins og sendi umsögn til allsherjarnefndar Alþingis, þar sem grein var gerð fyrir samþykkt félagsfundarins og umsögn félagsins takmörkuð við samþykkt félagsfundarins. Umsögninni var síðan fylgt eftir með því að formaður og varaformaður félagsins og formaður laganeftndar fóru á fund allsherjarnefndar. Fyrir liggur að allsherjarnefnd hyggst taka frumvarpið í heild til meðferðar og hefur óskað eftir efnislegri umsögn félagsins um frumvarpið. Í því ljósi hefur stjórn félagsins óskað eftir að laganeftnd leggi drög að umsögn félagsins, sem kynnt verði stjórn og félagsmönnum.

Laganeftnd hefur fundað um erindi stjórnar LMFÍ og samþykkt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við það frumvarp, sem nú liggur fyrir.

1. gr. frumvarpsins

Laganeftnd telur það ekki góða lagasetningarhætti að vísa til þess í 2. mgr. 1. gr. að lögin taki til erlendra lögmannta sem starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns "í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins". Telur nefndin réttara að kveða efnislega á um réttindi erlendra lögmannta til að starfa hér á landi í íslenskum lögum og reglugerðum og vísa til þeirra.

4. gr. frumvarpsins

1. tl.

Um sjónarmið laganefndar varðandi 1. tl. 4. gr. frumvarpsdraganna vísar laganefnd til meðfylgjandi umsagnar sinnar dags. 8. maí 2003 um samhljóða ákvæði í lagafrumvarpinu, sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi.

2. tl.

Þessi liður frumvarpsdraganna gerir ráð fyrir viðbótarskilyrði til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda við það sem nú gildir. Samkvæmt því er fyrirhugað að taka starfsreynslu af hurup sem eitt af skilyrðunum. Laganefnd minnir á að LMFÍ lagðist á sínum tíma gegn því við meðferð frumvarps til núgildandi lögmannalaga að skilyrði um starfsreynslu yrði tekið út. Á fundi laganefndar komu fram töluverðar efasemdir um að sá starfstími sem gert er ráð fyrir að verði skilyrði skv. 5. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna sé nægilegur til að tryggja að lögmannsefni hafi fengið þá reynslu sem nauðsynleg er til að öðlast réttindi til að taka að sér mál fyrir skjólstæðinga og flytja mál fyrir dómstólum. Laganefnd telur að málaefnaleg rök geti verið fyrir því í sjálfu sér að gera mismunandi langan starfstíma að skilyrði, eftir því hvort um er að ræða starf sem fulltrúi sjálfstætt starfandi lögmanns annars vegar og hins vegar önnur nánar tiltekin störf. Í athugasemdum með frumvarpinu er þó ekki að finna neinar af þeim röksemdum. Ekki er þar heldur gerð nein grein fyrir því af hverju störf við hin tilgreindu embætti ríkisins í 5. tl. þykja tryggja nauðsynlega lágmarksstarfsreynslu til öflunar lögmannsréttindanna, en ekki við önnur embætti eða lögfræðistörf hjá bönkum, fjármálafyrirtækjum og öðrum einkaaðilum, en laganefnd telur ljóst, að ýmis lögfræðistörf hjá slíkum fyrirtækjum og embættum, öðrum en þeim sem sérstaklega eru upptalin, yrðu lögð að jöfnu við þau sem sérstaklega eru upptalin. Telur laganefnd að tilgreina mætti fleiri störf, sem sjálfkrafa teljast fullnægjandi starfsreynsla í stað þess að það sé lagt í mat prófnefndar.

Í athugasemdum með frumvarpinu er ekki að finna aðra efnislega umfjöllun um þessa breytingu en að reynslan hafi sýnt að nauðsynlegt sé að menn hafi öðlast nokkra starfsreynslu áður en þeir fái lögmannsréttindi. Laganefnd er sammála þessum ummælum, en telur að skoða eigi það vel hvort ekki þurfi að setja lengri starfsreynslu sem skilyrði, m.a. með tilliti til hagsmuna almennings og samanburðar við önnur Evrópulönd. Þá verður að ætla að staðfestureglur muni leiða til nokkurrar samræmingar krafna til lögmannsefna er fram líða stundir. Krafa til starfsreynslu er nánast ófrávíkjanleg regla í öðrum löndum EES. Bent er á að nú þegar eru þeir nemendur sem setið hafa námskeið til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda langflestir útskrifaðir fyrir a.m.k. 6 mánuðum þegar námskeiðið hefst í janúarmánuði ár hvert. Þeir sem starfað hafa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmannna frá lagaprófi hafa því í gildistíð núgildandi laga verið með þá lágmarksstarfsreynslu sem frumvarpsdrögin gera ráð fyrir í slíkum störfum. Á svo skömmum tíma fæst ekki að mati laganefndar sú reynsla sem nýtist í störfum lögmannna og stefnt virðist að með í frumvarpsdrögunum. Bendir laganefnd á að dómsmál verður yfirleitt ekki rekið frá upphafi til enda á svo skömmum tíma auk þess sem réttarhlé myndi væntanlega takmarka enn frekar þá raunverulegu starfsreynslu sem yrði lágmarksskilyrði samkvæmt frumvarpsdrögunum.

5. gr. frumvarpsins

Auk prófraunar þeirrar, sem mælt er fyrir um í 7. gr. lögmannalaga, telur laganefnd fulla ástæðu vera til þess að flutningur prófmáls fyrir héraðsdómi verði tekinn upp á ný sem skilyrði fyrir veitingu lögmannsréttinda, enda hefur það fyrirkomulag sem nú

gildir um verklega prófraun ekki veitt þeim sem vilja öðlast lögmannsréttindi jafn hagnýta reynslu og það að undirbúa og flytja sjálfur mál fyrir dómi. Hefur laganevnd fyrir því heimildir frá lögfræðingum, sem þreytt hafa prófraunina í núverandi formi, að þeir teldu meira gagn af flutningi prófmáls fyrir héraðsdómi.

6. gr. frumvarpsins

Laganevnd fjallaði á fundi sínum itarlega um tillögur frumvarpsins að breyttu fyrirkomulagi um öflun hæstaréttarlögmannsréttinda.

Laganevnd leggst eindregið gegn þeirri breytingu, sem lögð er til á 3. og 4. tl. 1. mgr. 7. gr. laganna, að hert verði á skilyrðum til öflunar hæstaréttarlögmannsréttinda, þannig að umsækjandi þurfi að hafa flutt munnlega 40 mál fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli, í stað 30 nú, þar af að 10 einkamál fullnægi áfrýjunarskilyrðum, og þreyti prófraun með flutningi fjögurra prófmála fyrir Hæstarétti í stað tveggja samkvæmt gildandi lögum.

Laganevnd fær ekki séð að nokkur efnisleg rök liggi til þess að herða á þessum skilyrðum. Í athugasemdum með frumvarpinu er breytingin litt eða ekkert rökstudd, þótt ætla hefði mátt að slík breyting þyrfti greinargóðs rökstuðnings með. Í athugasemdunum er þess getið að með breytingunni sé verið að jafna aðgang lögmannna að hæstaréttarlögmannsréttindum, án þess að það sé skýrt nánar að hvaða leyti aðgangurinn að þeim sé ekki jafn og hvernig verið sé að jafna hann.

Í umræðum í laganevnd undir þessum lið komu fram sjónarmið í þá átt að fella niður titlana héraðsdóms- og hæstaréttarlögmaður á sama hátt og gert hefur verið í nágrannalöndunum. Heitið *lögmaður* yrði þá eina starfsheitið. Aflað yrði réttar til að flytja mál fyrir Hæstarétti með því að uppfylla lík skilyrði og í frumvarpinu um árafjölda frá því lögmannsréttinda var aflað auk flutnings tiltekins fjölda mála fyrir héraðsdómi. Teldi laganevnd koma til greina að miða við 40 munnlega flutt mál í héraði. Að fenginni framangreindri reynslu öð laðist lögmaður rétt til að flytja mál fyrir Hæstarétti að því tilskildu að hann stæðist prófraun með flutningi tveggja mála, þar sem öll mál fyrir Hæstarétti teldust hæf sem prófmál óháð skipan réttarins í 3, 5 eða 7 dómara.

Laganevnd er sammála höfundum frumvarpsdraganna um að falla frá núverandi fyrirkomulagi með prófnefnd sem meti hvort mál séu tæk sem prófmál fyrir Hæstarétti, en það kerfi hefur ekki reynst vel. Laganevnd er einnig sammála því að ekki sé sé ástæða til að taka upp eldra fyrirkomulag, þar sem Hæstiréttur mat sjálfur það hvort mál væru tæk sem prófmál. Að mati laganevndar er hins vegar nauðsynlegt að það reyni á prófmann með flutningi mála fyrir Hæstarétti, en telur eins og að framan greinir, að meginreglan eigi að vera að öll munnlega flutt mál teljist tæk sem prófmál óháð skipan réttarins.

7. gr. frumvarpsins

Laganevnd telur nauðsynlegt að í 12. grein lögmannalaga sé greint á milli annars vegar sjálfstætt starfandi lögmannna og hins vegar lögmannna í þjónustu opinberra stofnana, einkaaðila, annars lögmanns eða félagasamtaka, enda felist eðlismunur í störfum lögmannna í hvorum flokki. Laganevnd telur skyldu lögmannna, sem starfa samkvæmt undanþágu frá 1. mgr. 12. greinar, til þess að veita ekki öðrum lögmannsþjónustu en vinnuveitanda sínum, nægilega lagða með yfirlýsingu viðkomandi lögmanns samkvæmt 3. mgr. 12. gr. núgildandi laga, sem kveðið yrði á um í 4. mgr. 12. laganna, ef

7. gr. frumvarpsins verður að lögum. Til þess að tryggja að lögmenn á undanþágu uppfylli þessa skyldu telur laganefnd hins vegar ekki nauðsynlegt að kveða á um að þeim sé óheimilt að nefna sig lögmenn, nema í þeim tilvikum, sem tilgreind eru í upphafsákvæði 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Telur laganefndin þá takmörkun ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði, sem að er stefnt. Eðlilegt verður að teljast að allir lögmenn geti kennt sig við þau réttindi sem þeir hafa aflað sér, hvernig sem störfum þeirra er varið. Það hvort undanþágulögmenn teljist uppfylla skilyrði fyrir undanþágunni ráðist ekki af því í hvaða tilvikum þeir kalli sig lögmenn, heldur efnislegu mati á raunverulegum störfum þeirra og hvort þau samrýmist skilyrði undanþágunnar.

18. gr. frumvarpsins

Af athugasemdum laganefndar við 7. gr. frumvarpsins leiðir, að fella ber brott takmarkanir á notkun lögmanna með virk réttindi með undanþágu, sem lagðar eru til í 18. gr. frumvarpsins.

Laganefnd hefur ekki frekari athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

F.h. Lögmannafélags Íslands

Gunnar Jónsson, hrl., formaður

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður laganefndar

ATHUGASEMDIR FÉLAGSMNNA LMFÍ VIÐ UMSÖGN UM LÖGMANNALAGAFRUMVARIÐ.

Varðandi lögmannafrumvarpið þá vill undirritaður benda á eftirfarandi varðandi málflutningsréttindi til Hæstaréttar:

Undirritaður byrjaði að leita að prófmálum til öflunar málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti í haust sem leið, samkvæmt málaskrá Hæstaréttar voru þá allmörg mál í 5 manna dómi. Eftir að lagafrumvarpið kom fram sjást varla 5 manna mál einhverra hluta vegna. Það væri því athyglisvert að gera könnun á þessu. Þ.e. hversu mörg mál voru 5 manna fyrir áramót og hversu mörg eru 5 manna mál frá feb 04 til þessa dags. Með fjölgun prófmála úr 2 í 4 (án þess að leggja málið fyrir prófnend) þá getur það tekið menn all langan tíma, jafnvel í árum talið, að fá málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. Ég get hins vegar ekki séð að það hafi verið tilgangurinn með frumvarpinu.

Ég kem eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna fyrirhugaðrar umsagnar LMFÍ um frumvarp til breytinga á lögum um lögmenn nr. 77/1998:

Varðar fyrirhugaða umsögn LMFÍ um frumvarp til breytinga á lögmannelögum nr. 77/1998.

Ég fagna umsögn laganefndar LMFÍ varðandi öflun réttinda til að flytja mál fyrir Hæstarétti þ.s. mælt er með því að flytja þurfi 2 prófmál fyrir H.R. óháð skipan réttarins (3, 5 eða 7 dómara), eftir að hafa fengið vissa reynslu sem héraðsdómslögmenn. Vonast ég til þess að stjórn LMFÍ taki upp þessa afstöðu laganefndarinnar og berjist fyrir framgangi hennar.

Hins vegar tel ég að félagið þurfi að fara varlega í krefjast þess að þrengt verði mjög um möguleika lögfræðinga til að öðlast héraðsdómslögmannsréttindi, en ég er meðmæltur kröfu um að viðkomandi flytji prófmál fyrir héraðsdómi, sem felur í sér visst samræmi við það hvernig menn öðlast rétt til að flytja mál í H.R. Reynslan kemur svo með tímanum og mörgum hentar ekki að starfa sem sjálfstætt starfandi lögmenn.

Ég sakna þess að í umsögn laganefndar er ekkert minnst á 3. mgr. 9. gr. í núgildandi lögmannelögum. Ég tel að LMFÍ verði að fylgja eftir samþykkt félagsfundar þ. 22/01 s.l. og benda á að ef undanþágur skv. 3. mgr. eigi að gilda áfram þá sé mjög óeðlilegt að starfsreynsla héraðsdómslögmannna sé ekki metin eins og þargreindra aðila. Ber að krefjast þess að starfsreynsla héraðsdómslögmannna verði metin eins og þeirra sem þar njóta una nþága o g f ái s amsvarandi undanþáguheimild. Á félagsfundinum var samþykkt að berjast fyrir eftirfarandi viðbót við 3. mgr. 9. gr.: “Þá getur ráðherra með sama hætti vikið frá 4. tl. 1. mgr. ef umsækjandi hefur starfað sem héraðsdómslögmaður samtals í 10 ár”. Slík undanþáguheimild er ekki eins brýn ef tillaga laganefndar hlýtur brautargengi en lögmenn eiga samt að krefjast slíkrar unanþáguheimildar á meðan einhverjar unanþáguheimildir eru í lögmannelögum, en okkar reynsla er síst minni eða ómerkilegri en þeirra sem nefndir eru í 3. mgr. 9. gr. núgildandi lögmanna-

laga. LMFÍ hlýtur að berjast fyrir því að héraðsdómslögmennt njóti jafnræðis á við þargreinda undanþáguhópa.

Ég vil lýsa ánægju minni með umsögn félagsins. Þetta er það eina rétta þ.e. ein réttindi, óþarfi að hafa þetta tvískipt í hrl og hdl. Það verður að gera kröfur til öflunar þessara réttindi og svo gilda þau fyrir báðum dómstigum. Við vitum allir að það er vandamara að flytja mál í héraði en í Hæstarétti þannig að aukin skilyrði til að flytja mál í Hæstarétti er þó nokkuð öfugsnuð. Það er svo að ef menn eru hæfir til að flytja mál í héraði þá hljóta menn að vera hæfir til að flytja mál í Hæstarétti.

Góðu heilli er verið að taka upp 40-mála-sprotann sem var í eldri lögum um málflytjendur en var því miður upprættur og felldur niður en ekki þróaður áfram eins og tilögur LMFÍ ganga nú út á.

Þetta hefst sjálfsagt ekki í gegn núna en það kemur að því.

Ég legg til að stjórn LMFÍ leggist í umþenkingar og hugleiði spekiórðin: Þegar ríkið er spilltast eru lögin flóknust. Að hugleiðingu sinni lokinni breyti stjórnin umsögninni og leggi til við þingnefndina að fella úr lögum ákvæði um einkarétt lögmannna eða annarra til málflutnings fyrir dómi. Þar með yrðu öll vandamálín sem vefjast fyrir stjórninni úr sögunni og mannlífið yrði einfalt og fagurt.